



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Skjaldfönn undir skriðu

Framvinduskýrsla 2023



Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 29-23

Nóvember 2023

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík
Kennitala: 610397-2209

Sími: 456-7005

Netfang: nave@nave.is
<http://www.nave.is>

Forsíðumynd: Yfirlitsmynd af uppgraftarsvæði sumarið 2023.

EFNISYFIRLIT

1.	Grunnupplýsingar	6
2.	Tæknileg atriði	7
2.1	Útdráttur	7
2.2	Forsaga rannsóknar	7
2.3	Saga Skjaldfannar	10
2.4	Stjórnarsýsla og fjármögnun	11
2.5	Almennar upplýsingar um rannsóknina sumarið 2022	12
2.6	Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi	12
2.7	Stærð og umfang uppgrafter	13
3.	Fornleifarannsóknin á Skjaldfönn	14
3.1	Prufuskurður 1	14
3.2	Prufuskurður 2	21
3.3	Prufuskurður 3	27
4.	Gripir og Sýni	29
5.	Túlkun.....	31
5.1	Prufuskurður 1	31
5.2	Prufuskurður 2	33
5.3	Prufuskurður 3	35
6.	Lokaorð	36
7.	Heimildaskrá.....	38
8.	Teikningar	40
9.	Skrár 2023.....	43
9.1	Contextaskrá - Prufuskurður 1.....	43
9.2	Contextaskrá – Prufuskurður 2	47
9.3	Contextaskrá – Prufuskurður 3	49
9.4	Fundaskrá – Prufuskurður 1	51
9.5	Fundaskrá – Prufuskurður 2	52
9.6	Fundaskrá – Prufuskurður 3	52
9.7	Sýnaskrá – Prufuskurður 1	53
9.8	Sýnaskrá – Prufuskurður 2	53
9.9	Sýnaskrá – Prufuskurður 3	54
9.10	Teikningaskrá	54
9.11	Ljósmyndaskrá	54

Myndaskrá

MYND 1. SKJALDFANNARBÝLIÐ TEIKNAD INN Á KORT. MYND FENGIN ÚR SKÝRSLU GUNNARS GRÍMSSONAR.....	9
MYND 2. GPS MÆLINGAR AF RÚSTUNUM ÁÐUR EN RANNSÓKNIR HÓFUST. TEIKNINGIN ER SETT YFIR DRÓNAMYND SEM VAR TEKIN EFTIR AÐ PRUFUSKURÐIR VORU TEKNIR. ÞAR ER AÐ SJÁ AÐ MINNSTA KOSTI SJÖ HÓLF Á BÆJARHÚSINU OG TVÖ HÚS AÐ UTAN. DRÓNAMYND: JMG.....	10
MYND 3. PRUFUSKURÐIR 1, 2 OG 3. DRÓNAMYND: JMG.....	13
MYND 4. PRUFUSKURÐUR 1 ÞAR SEM SÝNIR HVERT HÓLF OG VEGG. DRÓNAMYND: JMG.....	14
MYND 5. SUÐUR ENDI SKURÐAR SEM SÝNIR HRUN [020] UTAN VIÐ SUÐUR VEGG (VEGGUR A). MYND TEKIN Í NORÐVESTUR. DRÓNAMYND: JMG.....	15
MYND 6. HORFT TIL NORÐVESTURS EFTIR SKURÐINUM. ÞAR ER AÐ SJÁ STEINAHELLUR FRAMAN VIÐ HÚSIÐ [019], VEGGUR A [015] OG [016] OG STEINAHELLUR Í INNGANGINUM [024]. LJÓSMYND: KSR.....	16
MYND 7. HÓLF A SÉST HÉR FYRIR MIÐJU. ÞAR ER AÐ SJÁ HELLULÖGÐ GÖNG HÆGRA MEGIN Í SKURÐINUM SEM HALDA ÁFRAM INN Í HÓLF B OG BYRJUN Á HÓLFI A TIL VINSTRI Í SKURÐINUM. MYNDIN ER TEKIN Í NORÐVESTUR. LJÓSMYND: KSR.	17
MYND 8. VEGGUR A/B MILLI HÓLFA A OG B. ÞAR ER AÐ SJÁ TORFIÐ [011] Í MIÐJU OG HLAÐIÐ GRJÓT Á ÖLLUM HLIÐUM [012]. MYNDIN ER TEKIN Í VESTUR. LJÓSMYND: KSR.....	17
MYND 9. MÓÖSKULAG [025] OG KOLARÍKT LAG [026] STAÐSETT UPP VIÐ NORÐUR HLIÐ Á VEGG B/C INNAN Í HÓLFI B. MYND TEKIN Í NORÐVESTUR. LJÓSMYND: KSR.	18
MYND 10. HÉR SÉST HÓLF B VIÐ LOK UPPGRAFTAR. ÞAR ER AÐ SJÁ AÐ UPPHÆKKUN ER INN Í HÓLFIÐ. MYNDIN ER TEKIN Í VESTUR. LJÓSMYND: KSR.	18
MYND 11. HORFT Á NORÐUR HLIÐ VEGGJAR B/C Í HÓLFI C. TIL VINSTRI: VEGGUR B/C VIÐ MIÐJU UPPGRAFTAR. ÞAR ER AÐ SJÁ AÐ VEGGURINN NÁÐI ÞVERT YFIR SKURÐINN. HÆGT ER AÐ SJÁ HRUN LENGST TIL VINSTRI Á VEGGNUM. TIL HÆGRI: VEGGUR B/C VIÐ LOK UPPGRAFTAR. ÞAR ER AÐ SJÁ AÐ BÚIÐ ER AÐ FJARLÆGA HRUNIÐ OG KOMIÐ MÓT Á VEGGINN. LJÓSMYNDIR: KSR.....	19
MYND 12. HRUN [005] OG STEINAHRUN [006] INNAN ÆI HÓLFI C. MYNDIN ER TEKIN Í NORÐVESTUR. LJÓSMYND: KSR.,	19
MYND 13. INNAN Í HÓLFI C. ÞAR ER AÐ SKÁ ÖSKUHAUGSLAG [021] FYRIR MIÐJU OG MÖGULEGT GÓLFLAG [030]. MYNDIN ER TEKIN Í VESTUR. LJÓSMYND: KSR.	20
MYND 14. VEGGUR C INNAN Í HÓLFI C. HORFT ER Í NORÐVESTUR. LJÓSMYND: KSR.....	20
MYND 15. EFRI MYNDIN SÝNIR SNIÐ SEM SNÝR Í SUÐVESTUR OG NEÐRI MYNDIN SÝNIR SNIÐ SEM SNÝR Í NORÐAUSTUR. TÖLVUTEIKNING: KSR.....	21
MYND 16. PRUFUSKURÐUR 2 EFTIR AÐ YFIRBORÐ VAR FJARLÆGT. ÞAR SÉST Í HRUN OG VINDBORIÐ EFNI [203], HRUN [205] OG Í STEINA [207] Í NORÐUR ENDA SKURÐAR. MYNDIN ER TEKIN Í NORÐVESTUR. LJÓSMYND: KSR.....	21
MYND 17. STEINAHLEÐSLA [207] Í NORÐUR VEGG. ÞAR Á MILLI STEINANNA SÉST Í TORFIÐ Í VEGGNUM [206]. MYNDIN ER TEKIN Í NORÐVESTUR. LJÓSMYND: KSR.....	22
MYND 18. LAG [204] SEM VAR STAÐSETT UNDIR HRUNI OG VINDBORNU EFNI [203]. MYNDIN ER TEKIN Í SUÐAUSTUR. LJÓSMYND: KSR.....	23

MYND 19. HÉR SJÁST KOLASMITUÐ LÖG EFTIR AÐ HÚSIÐ HAFÐI HRUNIÐ SAMAN. ÞAR ERU HRUN ÚR NORÐUR VEGG [205], KOLARÍKT LAG [204], LÍKLEGT SMIT [209] OFAN Á SUÐUR VEGG [208] OG HRUNI ÚR SUÐUR VEGG [212]. LJÓSMYND: KSR.....	23
MYND 20. SVART KOLASMITAÐ ÖSKUHAUGSLAG [210] SEM VAR STAÐSETT UNDIR LÖGUM [209] OG [204]. MYNDIN ER TEKIN Í SUÐVESTUR. LJÓSMYND: KSR.....	24
MYND 21. HÉR ER AÐ SJÁ SUÐUR VEGG [208] OG STEINA [213] AÐ KOMA Í LJÓS TIL VINSTRI. DRÓNAMYND: JMG.	24
MYND 22. HÉR ER AÐ SJÁ HRUN OG VINDBORIÐ EFNI [211] EFTIR FJARLÆGINGU Á KOLASMITUÐUM LÖGUM. MYNDIN ER TEKIN Í SUÐAUSTUR. LJÓSMYND: KSR.....	25
MYND 23. NEÐAN VIÐ OG SUÐUR VIÐ NORÐUR VEGG ER MÓÖSKULAG [215], SVO KEMUR KOLARÍKT LAG [216] OG NÆST SUÐUR VEGG ER TRÆKAÐ LAG [217]. MYNDIN ER TEKIN Í NORÐVESTUR. LJÓSMYND: KSR.....	26
MYND 24. SNIÐ SEM SNÝR Í NORÐAUSTUR Í PRUFUSKURÐI 2. LJÓSMYND: KSR. TÖLVUTEIKNING: KSR.	26
MYND 25. PRUFUSKURÐUR 3 EFTIR FJARLÆGINGU Á YFIRBORÐSLAGI [301]. ÞAR SÉST Í HRUN [307] OG [308]. MYNDIN ER TEKIN Í NORÐAUSTUR. LJÓSMYND: AR.....	27
MYND 26. HLUTI AF INNRI VEGG [303] OG [304] Í SUÐUR ENDA SKURÐAR. MYNDIN ER TEKIN Í SUÐAUSTUR. LJÓSMYND: AR.	28
MYND 27. VEGGUR [305] OG [306] Í NORÐUR ENDA. MYNDIN TEKIN Í NORÐVESTUR. LJÓSMYND: AR.	28
MYND 28. SNIÐ SEM SNÝR Í NORÐAUSTUR Á PRUFUSKURÐI 3. MYNDIN SÝNIR AÐ GÓLFIÐ INNAN Í RÝMINU HAFI VERIÐ HELLULAGT [311] OG VAR KOLARÍKT GÓLFLAG [310] ÞAR INN Á MILLI. LJÓSMYND: AR. TÖLVUTEIKNING: KSR.....	29
MYND 29. TIL VINSTRI: MYNDIN SÝNIR HÓLF A VIÐ LOK UPPGRAFTAR SUMARIÐ 2022. ÞAR ER AÐ SJÁ GRJÓT VINSTRA MEGIN VIÐ STEINAHELLUR Í GÖNGUM SEM SÝNIR UPPHÆKKUN INN Í HÓLFIÐ. MYNDIN ER TEKIN Í VESTUR. TIL HÆGRI: MYNDIN SÝNIR HÓLF B VIÐ LOK UPPGRAFTAR SUMARIÐ 2022. ÞAR ER AÐ SJÁ GRJÓT HÆGRA MEGIN VIÐ STEINAHELLUR Í GÖNGUM SEM SÝNIR UPPHÆKKUN INN Í HÓLFIÐ. MYNDIN ER TEKIN Í SUÐUR. LJÓSMYNDIR: KSR....	31
MYND 30. SKURÐUR SEM VAR TEKINN Í VEGG C AÐ UTAN. TIL VINSTRI: STAÐSETNING SKURÐAR. HORFT ER Í SUÐAUSTUR. TIL HÆGRI: SNIÐ SEM SNÝR Í NORÐAUSTUR. LJÓSMYNDIR: KSR.....	32
MYND 31. TEIKNING AF FORNA-LÁ Í EYRARSVEIT. MYND FENGIN ÚR ÁRBÓK HINS ÍSLENSKA FORNLEIFAFÉLAGS (KRISTJÁN ELDJÁRN. 1951. BLS. 104).....	32
MYND 32. TEIKNING AF KÚABÓT Í ÁLFTARVERI. MYND FENGIN ÚR ÁRBÓK HINS ÍSLENSKA FORNLEIFAFÉLAGS. (GÍSLI GESTSON. 1987. BLS. 12-13).....	33
MYND 33. FLATARTEIKNING AF PRUFUSKURÐI 1 VIÐ LOK UPPGRAFTAR. TÖLVUTEIKNING: KSR.	33
MYND 34. TILGÁTUTEIKNING AF HÚSI ÞAR SEM PRUFUSKURÐUR 2 VAR TEKINN. DRÓNAMYND: JMG. TÖLVUTEIKNING: KSR.	33
MYND 35. PLAN TEIKNING AF PRUFUSKURÐI 2 VIÐ LOK UPPGRAFTAR SUMARIÐ 2023. TÖLVUTEIKNING: KSR.....	34
MYND 36. PLAN TEIKNING AF PRUFUSKURÐI 3 VIÐ LOK UPPGRAFTAR SUMARIÐ 2023. TÖLVUTEIKNING: KSR.....	35

1. Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202305-0086.

ÞJMS-númer: 2023-27

Stutt lýsing rannsóknar:

Vísindarannsókn á síð-miðaldabýlinu Skjaldfönn sem tengist inn í rannsóknina Arnarfjörður á miðöldum.

Tegund rannsóknar:

Vísindarannsókn

Staðsetning

Skjaldfönn í Borgarfirði í Arnarfirði, Vestur Ísafjarðarsýsla, Vestfjörðum.

GPS hnit

Skjaldfönn ISN93: A 308763, N 594327

Rannsóknartími

7.-22. Júní og 31. júlí - 4. ágúst 2023.

Leyfishafi

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna:

4 starfsmenn



2. Tæknileg atriði

2.1 Útdráttur

Fornbýlið Skjaldfönn (Stundum kallað Skjalfannarkot) er staðsett neðan Skjalfannargils í botni Borgarfjarðar í Arnarfirði. Býlið fór í eyði eftir 1551 þegar skriða féll úr Skjaldfannargili og styðja heimildir við það. Skriðan hefur fallið beggja vegna við býlið og eru suður endi þess stutt frá jarðvegsrofi.

Skjaldfannarbýlið er í stöðugri ógn af eyðileggingu vegna umhverfisáhrifa. Enn í dag kemur aur og vatn niður úr Skjaldfannargili og fellur beggja vegna við rústina þar sem skriðurnar hafa fallið. Þar að auki er sjálfsáður skógur norðan við býlið og er ekki langt í að hann nær að bæjarhúsunum sjálfum.

Þrjár prufuskurðir voru opnaðir sumarið 2023. Einn þvert yfir bæjarhúsið, annar í hólfi eða hús norðaustan við bæjarhúsið og þriðji í eitt af hólfum bæjarhússins. Markmið rannsóknarinnar var að kanna umfang og eðli þeirra bygginga sem liggja undir sverði til að fá sem heildstæða mynd. Þar að auki til að bjarga sem mestum upplýsingum um svæðið áður en náttúran tekur yfir, þar sem bæjarhúsin eru í mikilli hættu vegna þess að sífelld kemur vatn og efni niður úr Skjaldfannargili og trjágróður vex mjög nærri rústinni. Aðeins eru nokkrir metrar í trjágróður og skriðuna. Eftir nokkra áratugi verður rústin yfirgróin eða horfin vegna vatns og grjóts sem kemur niður úr gilinu.

Rannsóknin á síð-miðaldarbýlinu Skjaldfönn í Arnarfirði tengist inn í áframhaldandi fornleifarannsóknir í verkefninu Arnarfjörður á miðöldum. Sú rannsókn hófst árið 2011 og hefur staðið yfir síðan og hafa verið stundaðar á bæjunum Hrafseyri, Auðkúlu og Litla Tjaldanesi í Arnarfirði.

2.2 Forsaga rannsókna

Fornleifaskráning fór fram á svæðinu árið 2008 fyrir vegagerðina vegna fyrirhugaðra ganga á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Sú skráning kom út í skýrslunni *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar*.¹ Minjarnar


¹ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008.

fundust ekki við þá skráningu. Árið 2010 var svæðið í nánasta umhverfi við Skjaldfannarbýlið fornleifaskráð vegna fyrirhugaðrar stækkunar á Mjólkárvirki. Sú skráning kom út í skýrslunni *Fornleifakönnun í Arnarfirði vegna framkvæmda við Mjólkárvirki*² og var gerð af Margrėti Hrönn Hallmundsdóttir hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Í þeirri skráningu fannst bæjarstæðið ekki við vettvangsathugun, þar sem snjór féll í miðri vettvangsvinnu og sáust minjarnar ekki vettvangsvinnan við þá skráningu og skráð eftir heimild.

Sem hluti af fornleifarannsókninni Arnarfjörður á miðöldum var framkvæmd fjarkönnun sumarið 2020 með öflugum dróna þar sem notast var meðal annars við hitamyndavél og gerð voru þrívíddarlíkön. Verkefnið fékk styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og var unnið af Gunnari Grímssyni fornleifafræðingi. Verkefnið kom út í skýrslunni *Kortlagning fortíðarinnar. Skráning fornleifa við Arnarfjörð með flygildi, myndmælingum, hitamyndavél og gömlum loftljósmyndum*.³ Markmið verkefnisins var að skrá og mæla upp fornleifar í Arnarfirði með ljósmyndum og hitamyndum teknar úr flygildi og myndirnar unnar í kort með notkun myndmælinga. Við fjarkönnunina kom í ljós stór rústarhóll sem hafði greinileg hól og var Skjaldfannarbýlið staðsett. Staðsetning býlisins kemur heim og saman við heimildir og staðhætti.

² Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2010.

³ Gunnar Grímsson. 2020.



Mynd 1. Skjaldfannarbylíð teiknað inn á kort. Mynd fengin úr skýrslu Gunnars Grímssonar.⁴

Rannsóknin í ár er sú fyrsta á svæðinu og er eitt af markmið rannsóknarinnar að skoða búsetuþróun Arnarfjarðar frá landnámi og fram á miðaldir, bjarga heimildum áður en þær hverfa og skoða áhrif skriðufalla á byggð til forna Vestfjörðum. Er það gert með þverfaglegum rannsóknum og notast við aðferðafræði fornleifafræðinnar í formi heimildarkönnunar, uppgrafa, borkjarnarannsókna, fjarkönnunar og skráningar á fornleifum.

Áður en rannsóknir hófust var svæðið fornleifaskráð og við þá skráningu kom í ljós að á húsinu hafi verið að minnsta kosti sjö hólfr með tveimur húsum utan við. Með frekari rannsóknum eiga þessi hólfr eftir að skýrast betur og mögulega fleiri bætast við.

⁴ Gunnar Grímsson. 2020. Bls. 28.



Mynd 2. GPS mælingar af rústunum áður en rannsóknir hófust. Teikningin er sett yfir drónamynd sem var tekin eftir að prufuskurðir voru teknir. Þar er að sjá að minnsta kosti sjö hólfa á bæjarhúsinu og tvö hús að utan. Drónamynd: JMG.

2.3 Saga Skjaldfannar

Jörðin Skjaldfönn er nefnd nokkrum sinnum í íslensku fornbréfasafni. Eru það í Vitnisburðarbréfi frá 1418 á Núpi varðandi greiðslur á peningum⁵. Frá árinu 1446 varðandi eignir Guðmundar ríka Arasonar á Reykhólum þegar þær voru teknar undir konung.⁶ Frá árinu 1524 í skrá um sakaferli erfingja.⁷ Frá árinu 1538 í sambandi við eignaskipti við biskup á Skálholti.⁸ Frá árinu 1551 í sáttargerð og samningi um bætur til konungs.⁹ Jörðin er ekkert frekar getið í Íslensku Fornbréfasafni eftir árið 1551.

⁵ *Diplomatarium islandicum* IV. 1897. Bls. 265.

⁶ *Diplomatarium islandicum* IV. 1897. Bls. 691.

⁷ *Diplomatarium islandicum* VIII. 1909-1913. Bls. 243-244.

⁸ *Diplomatarium islandicum* X. 1911-1921. Bls. 347.

⁹ *Diplomatarium islandicum* XII. 1911-1921. Bls. 299.

Í Jarðabók Árna og Páls segir um eyðibólið Skjaldfannarkot sem var í landi Rauðsstaða; „Skjaldfannarkot kallast nú almennilega fornt eyðiból í Rauðsstaða landi, sem ekki hefur bygt verið í gamalli tíð, en sjást so ljós byggíngamerki bæði af tófta og túngarða leifum. Ekki má hjer aftur byggja, því skriða er fallin yfir allt þetta pláts.“¹⁰ Í neðanmálsgrein í Jarðatal Johnsens kemur fram að árið 1805 hafi eyðihjáleigan Skjaldfannarkot verið höfð til beitar.¹¹

Í örnefnaskrá Rauðstaða segir um býlið Skjaldfönn; „Fyrir framan stekkjarlæk að ofan eru kölluð Fremri-Enni. Þau ná niður að svonefndum Skjaldfannarál, en hann nær niður að á og fram að skriðuhrygg, sem heitir Skjaldfönn. Fram og upp af Ennum er breiður grashvammur, sem skiptist í tvennt að ofan og er því kallað Hvammar. Þeir ná fram að Skjaldfannarskriðu. En hún nær alla leiði í á og klauf engið, þar fyrir ofan er skógur upp í skriður. Skjaldfönn var býli til forna, er nefnt 1523, en löngu fyrir 1710 kom feikna mikil skriða og sópaði fólki, fé og húsum alla leið burtu, má sjá rústir kots þessa, sem 1710 eru nefndar Skjaldfannarkot.“¹²

Þar segir einnig; „Innan við Skjaldfannarlæk eru engjar með ánni og upp eftir, sem kallast Skjaldfannarengjar. Stundum voru þær kallaðar Skjaldfannarálar, en þær voru mjög blautar. Ofan við engjarnar er gamalt bæjarstæði, sem heitir Skjaldfönn. Ekki lagði þarna sérstaklega snjó. Aðeins í gilbotninum bráðnaði hann ekki á sumrin, en skaflinn sést ekki neðan frá.“¹³ Enn sjást leifar af hlöðnum garði rétt framan við skriðuna miklu þar sem kjarrið í fjallsrótunum tekur við af túngresi hins horfna býlis.¹⁴

2.4 Stjórnsýsla og fjármögnun

Árið 2023 fékkst styrkur úr Fornminjasjóði (aðal styrktaraðili). Orkubú Vestfjarða og Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafseyri lögðu til húsnæði og aðstöðu á meðan uppgreftri stóð.

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vítalín, VII. 1940. Bls. 11

¹¹ J. Johnsen. 1847. Bls. 191.

¹² Örnefnaskrá Raustaða. Ari Gíslason skráði. Bls. 24

¹³ Örnefnaskrá Raustaða. Guðrún S. Magnúsdóttir. 1977. Bls. 6.

¹⁴ Firðir og fólk 900-1900. 1999. Bls. 37.

2.5 Almennar upplýsingar um rannsóknina sumarið 2022

Við rannsóknina sumarið 2023 störfuðu fjórir fornleifafræðingar frá Náttúrustofu Vestfjarða. Stjórnandi var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og uppgrafarstjóri var Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. Fyrst stóð rannsóknin yfir í tæplega þrjár vikur en hún hófst 7. júní og lauk þann 22. júní. Svo var komið aftur á rannsóknarsvæðið í viku frá 31. Júlí til 4. Júlí. Veður var þurrt en þó voru nokkrir blautir dagar inn á milli. Kristín Sylvía Ragnarsdóttir sá um skýrslugerð og tölvuteikningar.

Fornleifafræðingar sem störfuðu við rannsóknina sumarið 2023:

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Stjórnandi. Náttúrustofa Vestfjarða.

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. Uppgrafarstjóri. Náttúrustofa Vestfjarða.

James McGovern. Fornleifafræðingur. Náttúrustofa Vestfjarða.

Atli Rúnarsson. Fornleifafræðingur. Náttúrustofa Vestfjarða.

2.6 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Við rannsóknina er notuð single context-aðferðafræði þar sem hver eining er grafin upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgröft í Háskóla Íslands. Þetta er aðferðafræði sem fornleifafræðingar sem unnu við rannsóknina kunna og því er þessi rannsóknaraðferð mjög heppileg til rannsókna.


Við rannsóknina voru þrjár prufuskurðir handgrafnir með single context aðferðafræði. Prufuskurðirnir voru skráðir, þ.e. hver eining (e. context) var lýst, snið var teiknað, prufuskurðurinn teiknaður í fleti og ljósmyndaður.

Gripir verða skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir og öll bein voru varðveitt. Notast var við DJI Air 2 S dróna í upphafi og lok hvers dags ef verður leyfði. Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/10 fyrir sniðteikningar og 1/20 fyrir flatarteikningar. Hnit voru skráð á öllum staurum með Trimble Juno 5 uppmælingatæki. Eigið hnitakerfi (grid) var sett upp á XY ás sem og notast við landsnets hnitakerfið ÍSNET93. Ljósmyndir voru teknar á Canon EOS M50 mark 2 og skráð í ljósmyndaskrá. Vinnumyndir voru teknar á síma.

2.7 Stærð og umfang uppgrافتar

Þrjár prufuskurður voru opnaðir til að kanna umfang þeirra minja sem lágu þar undir sverði. Prufuskurður 1 var grafinn þvert á bæjarrústirnar. Prufuskurður 2 var grafinn í miðju svæðis þar sem talið var vera lítil bygging utan við bæjarhúsið sjálft eða að þar væri hólfi á bæjarhúsinu. Prufuskurður 3 var grafinn innan í hólfi austan við innganginn inn í bæjarhúsið.

Prufuskurður 1 var 2 x 15 m á stærð og var dýpstur um 92 cm. Svæðið sem var opnað var um 30 m² og áætla má að það rúmmál sem búið er að grafa sé um 13,8 m³. Prufuskurður 2 var 1 x 3,5 m á stærð og var um 73 cm á dýpt. Svæðið sem var opnað var um 3,5 m² og áætla má að það rúmmál sem búið er að grafa sé um 2,55 m³. Prufuskurður 3 var 1 x 2,5 m á stærð og um 66 cm á dýpt. Svæðið sem var opnað var um 3 m² og áætla má að það rúmmál sem búið er að grafa sé um 1,98 m³.




Mynd 3. Prufuskurðir 1, 2 og 3. Drónamynd: JMG.

3. Fornleifarannsóknin á Skjaldfönn

3.1 Prufuskurður 1

Prufuskurður 1 var tekinn þvert yfir bygginguna frá innganginum í suðri og að gafli til norðurs til að kanna eðli og umfang þess. Skurðurinn sneri í norðvestur-suðaustur og var 15 m langur og 2 m breiður. Við uppgröft á skurðinum komu í ljós þrjú hólf (A, B, C) sem voru afmörkuð með veggjum (A, A/B, B/C, C). Þessum hölfum og veggjum voru gefin bókstafir til að auðvelda túlkun (sjá mynd 4). Lýsingar á einingum (e. context) hér fyrir neðan fer frá suðri til norðurs og skiptist eftir svæðum innan skurðarins. Yfir öllu svæðinu var yfirborðslag [001] sem var þétt, milli-til dökkbrúnn siltaður sandur sem innihélt mikið af rótum og smáum til millistórra steina. Lagið var 15 m+ á lengd, 2 m+ á breidd og 20 cm á þykkt. Í yfirborðslaginu fundust þrír gripir og voru það kljásteyn (F#015) og tveir járn naglar (F#011, F#016).



Mynd 4. Prufuskurður 1 þar sem sýnir hvert hólf og vegg. Drónamynd: JMG.

Í suður enda skurðar utan við suður vegg bæjarhússins og undir yfirborðalagi var hrun **[020]**. Hrunið var þétt en laust á milli steina, blandaður dökkbrúnn siltaður jarðvegur með appelsínugulum og rauðum skellum og innihélt kolaflögur, þakhellur og steinahrún. Mögulega blandað hrun úr vegg A (**[015]** og **[016]**) og vindborið efni. Lagið var 1,8 m á lengd, 2 m+ á breidd og 26 cm á þykkt.



Mynd 5. Suður endi skurðar sem sýnir hrun **[020]** utan við suður vegg (veggur A). Mynd tekin í norðvestur. Drónamynd: JMG.

Lagið lá yfir steinahellum **[019]** sem sumar voru mjög stórar en voru þó mismunandi á stærð. Steinhellurnar klæða skurðinn utan við suður vegg (veggur A). Á milli þessara steinahellna var svart kolaríkt lag **[023]**. Líklega er þetta traðkað lag sem hefur fallið á milli steina þegar gegnið var inn og út úr

húsinu. Lagið var þétt en molnaði auðveldlega, svargrátt sendið silt með mjög mikið af kolaflögum, brenndum beinum og smáum steinum. Lagið var 2 m+ á lengd, um 1 m á breidd og 13 cm á þykkt.

Suður veggur eða veggur A lá í norðaustur-suðvestur og hafði inngang í miðju. Torfið í veggnum **[015]** var laust til milli þétt, blandað ljósbrúnt, gult, appelsínugult að lit og innihélt smáa steina. Steinar **[016]** eru hlaðnir um 2-3 raðir og eru staðsettir á öllum hliðum torfveggjarins. Suðvestur veggur var 87 cm+ á lengd, 2,04 m á breidd og 52 cm á hæð. Norðaustur veggur var 50 cm+ á lengd, 2 m á breidd og 54 cm á hæð.

Inngangurinn var um 1 m á breidd og 1,5 m á lengd. Í innganginum sem var staðsettur í miðju veggjar A var torfhrún **[018]**. Torfið var laust til milli þétt, skellótt appelsínugult, ljósbrúnt og dökkbrúnt sem innihélt smáa steina. Í laginu fundust þrjár gripir og voru það járn nagli (**F#008**), óþekktur kopar gripur (**F#010**) og járn gripur með óþekkt hlutverk (**F#009**). Blandað við hrunið var steinahrún **[017]**. Hrunið fyllti innganginn og var 2,4 m á lengd og 2 m á breidd. Undir hruninu voru steinahellur **[024]** sem eru framhald af

steinahellum [019] sem eru staðsettar utan við innganginn. Steinahellurnar voru 1,8 m á lengd og 1,4 m á breidd.



Mynd 6. Horft til norðvesturs eftir skurðinum. Þar er að sjá steinahellur framan við húsið [019], veggur A [015] og [016] og steinahellur í innganginum [024]. Ljósmynd: KSR.

Efst innan í hólfi A var blandað torfhrun [013] úr vegg A/B [011] og vegg A [015]. Blandað í hruninu var steinahrun [014] úr steinveggjum [012] og [016]. Torfhrunið var laust til milli þétt, blandað ljósbrúnt, dökkbrúnt, appelsínugult og fjólublátt. Lagið var 2 m+ á lengd, 1,6 m á breidd og 60 cm á þykkt. Í lagiinu fannst járn skeifa (F#014).

Undir hruninu var gólflag [028] sem var 2,5 m á lengd, 50 cm á breidd og 8 cm á þykkt. Lagið var milli þétt, fjólublátt silt og traðkað torf sem innihélt smáa steina og kolaflogur. Mögulegt gólflag sem liggur yfir steinahellum í Hólfi A. Lagið var sjáanlegt alstaðar innan hólsins. Kolaríkt lag [029] lá undir gólflagi [028] og yfir steinahellum [033] við austur endann. Lagið var laust, svart kol og silt. Líklega var þarna einungis um kolaskellu að ræða frekar en gólflag. Þetta lag var um 1,5 m á lengd, 80 cm á breidd og 5 cm á þykkt. Steinahellurnar [033] voru staðsettar þar sem göng eru inn í hólfi sem nær undir vestur enda uppgriftarsvæðis. Hellurnar voru um 1 m á lengd og 1 m á breidd.



Mynd 7. Hólf A sést hér fyrir miðju. Þar er að sjá hellulögð göng hægra megin í skurðinum sem halda áfram inn í Hólf B og byrjun á Hólfi A til vinstri í skurðinum. Myndin er tekin í norðvestur. Ljósmynd: KSR.

Veggur A/B **[011]** og **[012]** var staðsettur á milli hólfa A og B og var einungis í vestur enda skurðar og eru göng austan megin. Torfið í veggnum **[011]** var þétt, skellótt brúnt, appelsínugult, dökk brúnt, grátt og rautt sem innihélt lítið af smáum steinum. Steinar **[012]** voru hlaðnir beggja vegna torfsins. Svo virðist sem að veggurinn hafi verið endurbyggður á einhverjum



Mynd 8. Veggur A/B milli hólfa A og B. Þar er að sjá torfið **[011]** í miðju og hlaðið grjótt á öllum hliðum **[012]**. Myndin er tekin í vestur. Ljósmynd: KSR.

tímamarki þar sem í miðjum veggnum fannst steinlampi (**F#013**). Veggurinn var alls um 1,2 m+ á lengd, 1,2 m á breidd og um 60 cm á hæð.

Innan í hólfi B undir yfirborðslagi **[001]** var torfhrun **[009]** sem var blanda frá vegg B/C **[007]** og A/B **[011]**. Hrunið var þétt, appelsínugulbrúnt silt og torf með brúnum, dökkbrúnum og gráum skellum. Hrunið innihélt fáar kolaflögur og smáa steina.

Steinahrun [010] úr vegg [008] og [012] var á víð og dreif blandað í laginu. Lagið var 2 m+ á lengd, 1,25 m á breidd og 32 cm á þykkt. Í laginu fundust tveir gripir, voru það brýni (F#002) og járnþútur samloðinn við stein (F#003).

Undir hruninu upp við vegg B/C ([007] og [008]) var móöskulag [025] sem var ofan á kolaríku lagi [026]. Lagið var þétt en molnaði auðveldlega, appelsínugul og beislituð móaska sem innihélt kolaflogur. Lagið var 50 cm á lengd, 36 cm á breidd og 8 cm þykkt. Þar beint undir var kolaríkt lag [026] sem var blandað siltuðum jarðvegi og var sjáanlegt alstaðar innan hólfsins og yfir steinahellum. Lagið var



Mynd 9. Móöskulag [025] og kolaríkt lag [026] staðsett upp við norður hlið á vegg B/C innan í hólfi B. Mynd tekin í norðvestur. Ljósmynd: KSR.

milli þétt en molnaði auðveldlega, skellótt dökkbrúnt og svarbrúnt kol og silt sem innihélt móöskuskellur. Lagið var 95 cm á lengd, 77 cm á breidd og 22 cm þykkt. Mögulega eru þessi lög gólflög eða öskuhauslög sem hafa verið komið þarna fyrir.

Hólfið hefur ekki verið fullgrafið en ljóst var að sjá að grjótt var við inngagn inn í hólfið og var þar einskonar hækkun, þ.e. þröskuldur eða trappa inn í hólfið frá göngunum sem eru í miðju húsinu.



Mynd 10. Hér sést hólf B við lok uppgrافتar. Þar er að sjá að upphækkun er inn í hólfið. Myndin er tekin í vestur. Ljósmynd: KSR.

Veggur B/C **[007]** og **[008]** var staðsettur á milli hólfa B og C og var einungis í vestur enda skurðar og eru göng austan megin. Í fyrstu var talið að veggurinn náði alveg yfir skurðinn en við frekari rannsóknir kom í ljós að svo var ekki. Torfið í veggnum **[007]** var þétt en molnaði auðveldlega, brúnt, dökkbrúnt og rautt að lit og innihélt smáa steina. Steinar **[008]** voru hlaðnir beggja vegna torfveggjarins. Veggurinn var 1,4 m+ á lengd, 1,5 m á breidd og 76 cm á þykkt. Torfhrunið **[031]** í göngunum við vegg B/C var þétt blandað brúnt og appelsínugult torf og silt sem innihélt steinahrún **[032]**. Steinahrunið var á víða og dreif innan torfhrunsins. Lagið var 1,5 m á breidd, 60 cm á breidd og 76 cm á þykkt.



Mynd 11. Horft á norður hlið veggjar B/C í hólfi C. Til vinstri: Veggur B/C við miðju uppgrافتar. Þar er að sjá að veggurinn náði þvert yfir skurðinn. Hægt er að sjá hrún lengst til vinstri á veggnum. Til hægri: Veggur B/C við lok uppgrافتar. Þar er að sjá að búíð er að fjarlægja hrunið og komið mót á vegginn. Ljósmyndir: KSR.

Innan í hólfi C undir yfirborðslagi var hrún **[005]**. Lagið var blanda af hrúni frá vegg C **[003]** og vegg B/C **[007]**. Torf hrunið var þétt, en þó laust á milli steina eða þar sem steinar hafa hrunið úr vegg, skellótt appelsínugult, rautt, brúnt, dökkbrúnt, ljósbrúnt og fjólublátt á lit sem innihélt mikið af kolaflogum. Í laginu fannst kopar nagli (**F#001**). Steinahrún **[006]** var á víða og dreif



Mynd 12. Hrun **[005]** og steinahrún **[006]** innan æi hólfi C. Myndin er tekin í norðvestur. Ljósmynd: KSR,

innan lagsins og hafa þeir fallið úr veggjum C **[004]** og B/C **[008]**. Líklega var þakhrún einnig blandað þar við þar sem þakhellur fundust í laginu. Lagið var 2 m+ á lengd, 1,2 m á breidd og 40 cm á þykkt.

Þar undir hrúnu var öskuhauslag **[021]**. Lagið var þétt, skellótt appelsínugult, bleikt og brúnt silt sem innihélt kol og ösku. Lagið var 1,6 m á lengd, 1 m á breidd og 8 cm á þykkt.

Þar undir var mögulegt gólflag **[030]**. Lagið var mjúkt og molnar auðveldlega, skellótt svört, appelsínugul og bleik siltuð aska sem innihélt mikið af kolum og brenndum beinum. Í laginu fannst lítil kopar þynna sem hafði verið rúllað upp (**F#012**). Lagið hefur ekki verið fullrannsakað og er líklegt að þarna undir sé staðsetning eldstæðis.



Mynd 13. Innan í hólfi C. Þar er að ská öskuhaugslag **[021]** fyrir miðju og mögulegt gólflag **[030]**. Myndin er tekin í vestur. Ljósmynd: KSR.


Veggur C (**[003]** og **[004]**) var við norður gabl bæjarhússins. Torfið **[003]** var milli þétt og molnaði auðveldlega, ljósbrúnt, dökkbrúnt og rautt að lit og innihélt smáa steina. Steinar **[004]** voru hlaðnir og klæða vegginn beggja vegna, en meira var um steina sunnan megin en norðan megin. Veggurinn var um 2 m+ á lengd, 1,5 m á breidd og um 70 cm á hæð. Veggurinn er ekki



Mynd 14. Veggur C innan í hólfi C. Horft er í norðvestur. Ljósmynd: KSR.

fullgrafinn þar sem erfitt var að greina mörk þess við norður endann vegna hruns **[022]**. Skurður var tekinn í gegnum hrunið alveg niður í náttúrulegan jarðveg til að sjá ytri mörk veggjarins í sniði. Skurðurinn var 2 m á breidd og 50 cm á breidd. Í skurðinum var að sjá

að hrunið var þétt, skellótt brúnt, dökkbrúnt, appelsínugult og grátt siltað torf sem innihélt kolaflögur og steina. Hrunið var 2 m+ langt, 2,4 m á breidd og 80 cm þykkt.



Mynd 15. Efri myndin sýnir snið sem snýr í suðvestur og neðri myndin sýnir snið sem snýr í norðaustur. Tölvuteikning: KSR.

3.2 Prufuskurður 2

Í fyrstu var opnaður 1 x 3 m langur skurður staðsettur um 10 m norðaustan við Prufuskurð 1 og 8 m norðan við Prufuskurð 3. Skurðurinn var svo lengdur í 3,5 m og var tekinn í miðju tóftar á milli innri veggja til að fá hugmynd um hlutverk þess. Ekki er fullvíst að svo stöddu hvort þarna sé hólfi á bæjarhúsinu eða hvort um sé að ræða hús sem stendur eitt og sér norðaustan við bæjarhúsið.

Efst var yfirborðslag [201] sem var þétt brúnt og dökkbrúnt siltaður jarðvegur með mikið af rótum og smáum steinum. Yfirborðslagið var að minnsta kost 3,5 m á lengd, 1 m+ á breidd og um 15 cm á þykkt. Þar beint undir var hrun og vinbórið efni [203] sem var 3 m+ á lengd, 1 m+ á breidd og 13 cm þykkt. Lagið var þétt brúnt silt og torf með appelsínugulum skellum sem innihélt smáa steina og fáar kolaflögur. Í laginu fannst koparþynna og koparnagli (F#200).



Mynd 16. Prufuskurður 2 eftir að yfirborð var fjarlægt. Þar sést í hrun og vindbórið efni [203], hrun [205] og í steina [207] í norður enda skurðar. Myndin er tekin í norðvestur. Ljósmynd: KSR.

Undir þessu lagi í norður enda var norður veggur [206] og [207]. Torfið í veggnum [206] var þétt appelsínugult, rauðbrúnt og brúnt að lit sem innihélt fáar kolaflögur. Einungis um 20 cm af torfinu voru sjáanlegir í skurðinum. Steinar [207] klæða vegginn að innan hólfsins og eru þeir hlaðnir að minnsta kosti 2 lög. Áætla má að steinar klæða vegginn að utan líka. Það sem var sjáanlegt af veggnum var 1 m+ á lengd, 45 cm á breidd og 55 cm á hæð.



Hrun [205] úr norður vegg var þétt skellótt appelsínugult, grátt og rauðbrúnt torf með fáum kolaflögum. Lagið lá þétt upp að vegg

Mynd 17. Steinahleðsla [207] í norður vegg. Þar á milli steinanna sést í torfið í veggnum [206]. Myndin er tekin í norðvestur. Ljósmynd: KSR.


[206] og steinum í vegg [207] í norður enda skurðar. Hrúnið var 1 m+ á lengd, 37 cm á breidd þar sem þar var breiðast og um 17 cm á þykkt.

Undir lagi [203] í suður enda skurðar var kolaríkt lag [204]. Lagið var þétt en molnaði auðveldlega, svart með dökkbrúnum og gráum skellum sem innihélt mikið af kolum, eitthvað af brenndum beinum og litlum steinum. Líklega var þarna einhverskonar brunalag eða öskuhaugslag sem lá yfir suður vegg að hluta til og yfir miðjan skurð. Lag [204] liggur yfir suður vegg [208] og nær yfir miðju skurðar einungis í vestur enda skurðar, lagið var ekki sjáanlegt í suðaustur horni skurðar. Lagið stoppaði við torfhrun [205] í norður enda. Ljóst er að þetta lag tengist atferli á svæðinu eftir að húsið hafði hrúnið saman. Í laginu fundust tveir gripir og voru það járn nagli (F#201) og járn pinni (F#202). Lagið var 2 m á lengd, 1 m+ á breidd og 5 cm á þykkt.



Mynd 18. Lag [204] sem var staðsett undir hruni og vindbornu efni [203]. Myndin er tekin í suðaustur. Ljósmynd: KSR.

Undir og rétt blandað við lag [204] var lag [209]. Lagið var mjög svipað og lag [204] en þó lausara í sér. Ekki var full ljóst hvort þetta var smit frá lagi [204] og var því ákveðið að gefa því sér númer. Lagið var laust skellótt svart og grábrúnt silt sem innihélt smáa steina, brennd bein og kol. Í laginu fannst járn gripur með óþekkt hlutverk (F#203). Lagið var 1 m+ á lengd, 1,8 m á breidd og 4 cm á þykkt og var einungis sjáanlegt yfir suður vegg í suðvestur enda.



Mynd 19. Hér sjást kolasmituð lög eftir að húsið hafði hrunið saman. Þar eru hrun úr norður vegg [205], kolaríkt lag [204], líklegt smit [209] ofan á suður vegg [208] og hruni úr suður vegg [212]. Ljósmynd: KSR.

Mögulegt öskuhaugslag [210] var staðsett undir lagi [204] og smiti [209] í suður enda ofan á hruni úr vegg og í miðju skurðar. Lagið var þétt, skellótt grátt, svart, rautt og fjólublátt silt og aska sem innihélt kolaflögur, ösku og móösku. Lagið var 80 cm+ á lengd, 1,04 m á breidd og 3 cm á þykkt.



Undir lögum [294], [209] og [210] kom svo torfveggurinn [208] í suður enda.

Mynd 20. Svart kolasmitað öskuhaugslag [210] sem var staðsett undir lögum [209] og [204]. Myndin er tekin í suðvestur. Ljósmynd: KSR.

Torfið var þétt appelsínugult, brúnt, dökkbrúnt og fjólublátt að lit og innihélt rætur og smáa steina. Steinar [213] klæða vegginn að innan. Veggurinn var 1 m+ á lengd, 70 cm+ á lengd og 49 cm á hæð. Hrun [212] liggur upp að vegg í suður enda. Lagið var þétt skellótt brúnt, appelsínugult og rautt torf sem innihélt kolaflögur. Hrunið var 1 m+ á lengd, 55 cm á breidd og 42 cm á þykkt. Lag [210] liggur yfir hruninu að hluta til.



Mynd 21. Hér er að sjá suður vegg [208] og steina [213] að koma í ljós til vinstri. Drónamynd: JMG.

Á milli veggja innan hólfsins voru tvö hrunlög og vindborið efni ([211] og [214]) frá líklega upprunalegu notkunarskeiði hússins. Efra lagið [211] var þétt skellótt grátt, appelsínugult, ljósbrúnt silt og torf með rauðum blæ sem innihélt smáa steina. Lagið var 1 m á lengd, 1,60 m á breidd og 15 cm á þykkt. Þar beint undir var veggja og þakhrun sem liggur yfir góflögum [215], [216] og [217]. Lagið var þétt en molnaði auðveldlega, skellótt grátt, dökk grátt, gult, brúnt, appelsínugilt og rautt torf og silt sem innihélt kolaflögur. Lagið var 1 m+ á lengd, 2,3 m á breidd og 28 cm á þykkt.



Mynd 22. Hér er að sjá hrun og vindborið efni [211] eftir fjarlægingu á kolasmituðum lögum. Myndin er tekin í suðaustur. Ljósmynd: KSR.


Undir lagi [214] voru skráð eitt móöskulag [215] og tvö góflög [216] og [217] sem hafa ekki verið rannsökuð. Ákveðið var að geyma þessi lög þar til heildaruppgröftur fer fram á húsinu. Lag [215] var fast upp við norður vegg og lá yfir kolaríku lagi [216]. Líkleg staðsetning þar sem brunni hefur átt sér stað. Lagið var laus bleik og beislituð móaska sem innihélt mikið af kolaflögum og brenndum beinum. Lengd: 1m+, breidd: 30 cm og ekki vitað um þykkt að svo stöddu.

Tvö lög voru skráð sem gólflog og voru það kolaríkt lag [216] í norður enda skurðar og undir því var traðkað lag [217] sem náði yfir allt svæðið innan hússins. Lag [216] var laust svart kolaríkt silt sem var 1 m+ að lengd og 60 cm á breidd. Lagið var þykkast upp við norður vegg og fjarar svo út til suðurs. Mögulega var þetta lag og móösku lag [215] staðsetning eldstæðis eða í nágrenni við eldstæði, en þar sem lögin hafa ekki verið rannsökuð er það ekki vitað að svo stöddu og mun frekari uppgröftur leiða það í ljós. Þar undir var traðkað lag eða mögulegt gólfslag [217]. Lagið var þétt en laust á milli steina, grábrún mól og sendin silt með mikið af smáum steinum, mól og kolaflögum. Lagið var 1 m+ á lengd, 1.8 m á breidd og ekki er vitað um þykkt lagsins þar sem lagið hefur ekki verið full grafið.



Mynd 23. Neðan við og suður við norður vegg er móöskulag [215], svo kemur kolaríkt lag [216] og næst suður vegg er traðkað lag [217]. Myndin er tekin í norðvestur. Ljósmynd: KSR.

Ekki hefur uppgröfturinn komist niður í náttúrulegan jarðveg [202] en áætla má að húsið sé byggt ofan á náttúrulegum jarðvegi, sem er líklega sá sami og [002] í Prufuskurði 1.



Mynd 24. Snið sem snýr í norðaustur í Prufuskurði 2. Ljósmynd: KSR. Tölvuteikning: KSR.

3.3 Prufuskurður 3

Opnaður var 1 x 2,5 m langur skurður staðsettur um 3 m austan við Prufuskurð 1 og 8 m sunnan við Prufuskurð 2. Skurðurinn var tekinn í miðju hólfis sem er beint framhald á Hólfi A í Prufuskurði 1 til norðausturs til að fá hugmynd um hlutverk þess. Ekki er fullvíst að svo stöddu hvert hlutverk hólfisins er út frá skurðinum en þó eru tilgátur um að þarna hafi verið skemma eða einhverskonar geymsla.

Efst var yfirborðslag [301] sem var þéttur milli til dökkbrúnn siltaður sandur sem innihélt mikið af rótum, smáum og milli stórum steinum. Lagið var 2,5 m+ á lengd, 1 m á breidd og 13 cm á þykkt. Þar beint undir var torfhrun og vindborið efni [309] sem var 1 m+ á lengd, 1,8 m á breidd og 21 cm á þykkt. Lagið var þétt ljósbrúnt torf með appelsínugulum og fjólubláum skellum sem innihélt kolaflögur. Í laginu var nokkuð um þakhellur og því líklega blandað þakhruni. Þrír gripir fundust í laginu og voru það tvær steinsleggjur (F#304, F#305) og steingripur með óþekkt hlutverk (F#307).



Mynd 25. Prufuskurður 3 eftir fjarlægingu á yfirborðslagi [301]. Þar sést í hrun [307] og [308]. Myndin er tekin í norðaustur. Ljósmynd: AR.

Undir hruninu var veggjahrun [307] úr suður vegg og veggjahrun [308] úr norður vegg. Hrun út frá suður vegg [307] var þétt torf sem molnaði auðveldlega, dökkbrúnt á lit og innihélt steina og kolaflögur. Hrunið var 1 m+ á lengd og um 40 cm á breidd. Hrun [308] út frá norður vegg var þétt en molnaði auðveldlega, miðlungs ljósbrúnt torf sem innihélt steinahrún og lítið af kolaflögum. Í hruninu fannst járn nagli (F#306). Hrunið var 1 m+ á lengd og 20 cm+ á breidd.

Þar undir í suður enda var torfveggur [304]. Torfið var þétt, dökkbrúnt með nokkrum kolaflögum. Steinar [303] klæða vegginn innan rýmisins. Veggurinn var dekkri í lit en norður veggurinn og eru kolaflögur ofan á veggnum. Það sem var sjáanlegt af veggnum var 1 m+ á lengd, 30 cm á breidd og var hæð veggjar ekki skráð að svo sinni þar sem heild veggjar var ekki kominn í ljós.



Mynd 26. Hluti af innri vegg [303] og [304] í suður enda skurðar. Myndin er tekin í suðaustur. Ljósmynd: AR.


Í norður enda skurðar var torfveggur [306] og steinar [305] sem klæða vegginn að innan. Torfið var þétt strengjatorf sem var appelsínugult, ljósbrúnt og fjólublátt. Það sem sást af veggnum var 1 m+ á lengd og 40 cm á breidd. Hæð var ekki skráð að svo sinni þar sem heild veggjar var ekki komið í ljós.



Mynd 27. Veggur [305] og [306] í norður enda. Myndin tekin í norðvestur. Ljósmynd: AR.

Undir lagi [309] var mögulegt gólflag [310]. Gólflagið var laust, dökk fjólublátt silt sem innihélt mikið af kolaflögum og brenndum beinum. Lagið var 1 m+ á lengd og 1,8 m á breidd. Í laginu fundust þrír gripir og voru það kopar þynna (F#301), Járn nagli (F#302) og járnþútur með óþekkt hlutverk (F#303). Steinahellur [311] voru undir gólfluginu og

voru þær misstórar á stærð og klæða þær botn skurðarins. Gólflagið var heldur raskað og því líklegt að það hafi verið vegna lyftinga á steinahellum [311] þar undir.



Mynd 28. Snið sem snýr í norðaustur á Prufuskurði 3. Myndin sýnir að gólfið innan í rýminu hafi verið hellulagt [311] og var kolaríkt gólflag [310] þar inn á milli. Ljósmynd: AR. Tölvuteikning: KSR.

Ekki hefur uppgröfturinn komist niður að náttúrulegum jarðvegi [302] en áætla má að bæjarhúsið hafi verið byggt ofan á náttúrulegum jarðvegi, sem er líklega sá sami og [002] í Prufuskurði.

4. Gripir og Sýni

Við rannsóknina voru gefin alls 26 fundanúmer sumarið 2023. Voru það 15 úr prufuskurði 1, fjórir úr prufuskurði 2 og sjö úr prufuskurði 3.

Margir þessara gripa voru gripir sem tengjast hversdagslegum athæfum sem búast má við að finnast við uppgröft á íveruhúsi, svo sem naglar, kljásteyn, sleggja og brýni. Þó fundust einnig gripir sem ekki var hægt að tilgreina eftir sérstöku hlutverki.

Í Prufuskurði 1 voru gripir úr málmum algengastir, þar sem sex gripir voru úr járni og þrjú gripir úr kopar voru fundnir. Þar að auki fundust þrjú gripir úr steini við rannsóknina. Þessir gripir voru brýni (1), kljásteyinn (1), lampi (1), naglar (4), skeifa (1), óþekktur járn gripur (2) og óþekktur kopar gripur (2).

Í Prufuskurði 2 voru allir gripir sem fundust úr málmum, þ.e. þrjú gripir úr járni og einn úr kopar. Voru það kopar þynna, járn nagli, járn pinni og óþekktur gripur úr járni. Allir þessir gripir fundust í lögum sem tengjast starfsemi á svæðinu eftir að húsið er hrúnið.

Í Prufuskurði 3 fundust bæði málm og steingripir, þ.e. voru þrjú úr járni, þrjú úr steini og einn úr kopar. Voru það járn naglar (2), steinsleggur (2), kopar þynna (1), óþekktur járn gripur (1) og óþekktur steingripur (1).

5. Túlkun

5.1 Prufuskurður 1

Framhlið bæjarhússins snýr í suðaustur og er hellulagður inngangur framan við húsið sem heldur áfram inn innganginn á húsinu og eftir endilöngu göngunum til norðvesturs. Sumar steinahellurnar voru lausar og er líklegt að undir þeim hafi verið ræsi sem hefur legið undir húsinu til að koma vatni frá. Húsið liggur í halla að hluta til og er líklegt að vatn rennur undir hellulögðum göngunum til að koma vatni frá til suðausturs út um innganginn. Frekari rannsóknir munu skýra það hvort ræsi er þar undir eða ekki.

Bæði hólf A og B hafa ekki verið fullgráfin þar sem einungis lítt hluti af rýmnum hefur verið rannsakaður. Grjót var við innganginn inn í bæði hólfina þar sem einskona hækkun var, þ.e. þröskuldur eða trappa var inn í hólfina frá göngunum sem eru í miðju húsinu.



Mynd 29. Til vinstri: Myndin sýnir Hólf A við lok uppgrافتar sumarið 2022. Þar er að sjá grjót vinstra megin við steinahellur í göngum sem sýnir upphækkun inn í hólfid. Myndin er tekin í vestur. Til hægri: Myndin sýnir Hólf B við lok uppgrافتar sumarið 2022. Þar er að sjá grjót hægra megin við steinahellur í göngum sem sýnir upphækkun inn í hólfid. Myndin er tekin í suður. Ljósmyndir: KSR.


Miðað við kolaríku gólflogin og öskulög sem voru að finna í hólf C er líklegt að þar hafi verið eldhúsið. Ekkert eldstæði eða ofn fannst við uppgröftinn í sumar en líklega er það staðsett undir kolaríku lagi **[021]** þar sem grjót er þar undir. Þó að erfitt sé að segja til um hlutverk þessa rýmis að svo stöddu munu frekari rannsóknir leiða það í ljós.

Líklega hefur veggur C eða norður veggurinn verið þykkari. Hefur hann verið til að vernda bæinn gegn vind og veðri. Skurður var tekinn í gegnum hrúnið alveg niður í náttúrulegan jarðveg til að sjá ytri mörk veggjarins í sniði.



Mynd 30. Skurður sem var tekinn í vegg C að utan. Til vinstri: Staðsetning skurðar. Horft er í suðaustur. Til hægri: Sníð sem snýr í norðaustur. Ljósmyndir: KSR.

Skjaldfannarbærinn mun að öllum líkindum líkjast bænum á Fornalá í Eyrarsveit. Í Skjaldfannarbænum eru göng eftir miðjum prufuskurði frá suður enda sem hélt áfram til norðurs og stoppaði við hól C. Í botni gangsins voru stórar flatar hellur líkt og var að finna í bæjarrústunum á Fornalá. Þar var einnig hægt að sjá að til hvorrar hliðar beint út frá göngunum voru hól eða rými¹⁵ líkt og í Skjaldfannarbænum. Með því að stækka prufuskurð 1 til austur og vesturs munu hólfin koma betur í ljós og hlutverk þeirra skýrast. Ekki var hægt að aldursgreina bæinn á Fornalá með gjóskulögum og var það því gert með hliðsjón af þeim gripum sem fundust. Talið var að bærinn væri frá tímabilinu um 1450-1550¹⁶ sem er um svipað leiti og bærinn á Skjaldfönn var í notkun. Annar bær aldursgreindur frá svipuðum tíma er Kúabót í Álftaveri sem fór í eyði um 1490. Þar á það sama við að út frá göngunum er gengið inn í hól bæjarhússins.¹⁷




Mynd 31. Teikning af Fornalá í Eyrarsveit. Mynd fengin úr Árbók hins íslenska fornleifafélags (Kristján Eldjárn, 1951. Bls. 104).

¹⁵ Hjörleifur Stefánsson. 2013. Bls. 67.


¹⁶ Kristján Eldjárn. 1949-1950. Bls. 108.

¹⁷ Gísli Gestson. 1987.



Mynd 32. Teikning af Kúabót í Álftarverri. Mynd fengin úr Árbók hins íslenska fornleifafélags. (Gísli Gestson. 1987. Bls. 12-13).


Rýmum eða húsum út frá ganginum á Skjaldfannarbænum hefur verið gefin tímabundin bókstafur sem átti við á tíma rannsóknarinnar á prufuskurðunum. Ekki hafa verið gefin endanleg heiti á hólfunum þar sem enn á eftir að rannsaka þessi rými frekar.



Mynd 33. Flatarteikning af Prufuskurði 1 við lok uppgrftar. Tölvuteikning: KSR.

5.2 Prufuskurður 2

Í Prufuskurði 2 var líklegt öskuhaugslag sem ekki er hægt að segja með vissu hvort hafi verið seinna búsetuskeið á svæðinu eftir að húsið hrundi eða hvort að þarna hafi rusli verið fleygt. Mögulega getur verið að staðurinn hafi verið notaður sem skjól þar sem alfaravegur lá norðan frá Djúpi um Glámuheiði í Arnarfjörð og var Skjaldfönn fyrsti bærinn sem komið var að þegar komið




Mynd 34. Tilgátuteikning af húsi þar sem Prufuskurður 2 var tekinn. Drónamynd: JMG. Tölvuteikning: KSR.

var niður af heiðinni.¹⁸ Þar að auki var leið frá Rauðstöðum upp hjá utan verðu Skjaldfannargili og þar yfir að Dröngum í Dýrafirði.¹⁹

Við lok rannsókna sumarið 2023 eru tilgátur um að skurðurinn hafi verið tekinn í hús sem stendur eitt og sér utan við gangabæinn sjálfan. Á mynd 2. er hægt að sjá tilgátuteikninu af húsinu og hvernig það lítur út á yfirborði. Þó svo að yfirborðið sýni húsið eitt og sér, getur húsið litið öðruvísi út undir yfirborði og með frekari rannsóknum mun það skýrast.

Rannsóknir á skurðinum eru ekki fullkláraðar og var ákveðið að geyma gólfög þar til tækifæri næst að grafa þau upp í heild sinni svo að samhengi náist. Þau gólfög sem voru eftir voru móöskulag [215], kolaríkt lag [216] og traðkað lag [217].



Mynd 35. Plan teikning af Prufuskurði 2 við lok uppgrftar sumarið 2023. Tölvuteikning: KSR.

¹⁸ Kjartan Ólafsson. Rauðsstaðir. [án árs]. Bls. 2.


¹⁹ Kjartan Ólafsson. Auðkúluhreppur. [án árs]. Bls. 24.

5.3 Prufuskurður 3

Í Prufuskurði 3 var að hægt að sjá miðju rýmis sem var beint til hægri þegar komið var inn í húsið. Þar var að sjá að gólfið hafi verið hellulagt, veggir hlaðnir með torfi og klæddir að innan með hlöðnu grjóti. Hólfið að innan var 1,9 m á breidd en lengd þess er ekki vitið enn.

Erfitt er að segja til um hvert hlutverk hólsins hefur verið út frá gripum sem fundust. Einungis fundust sjö gripir við uppgröftinn og voru þeir allir verkfæri eða byggingarefni sem hafa verið notuð við hverstagsleg athæfi. Mögulega hefur þarna verið búr eða skemma en frekari uppgröftur á eftir að skýra það betur.

Rannsóknir á skurðinum eru ekki fullkláraðar og var ákveðið að geyma góflög þar til tækifæri næst að grafa þau upp í heild sinni svo að samhengi náist.



Mynd 36. Plan teikning af Prufuskurði 3 við lok uppgrafar sumarið 2023. Tölvuteikning: KSR.

6. Lokaorð

Rannsóknin er á byrjandastigi og er áformað að opna stærra svæði sumarið 2024 í þeirri von um að komast að hvert hlutverk rýmanna hefur verið. Við lok uppgrftar var svæðinu lokað með plasti og torf sett þar ofan á til að vernda minjarnar þar undir. Að geta rannsakað svo heildstætt minjaumhverfi mun auka skilning okkar á þróun byggðar á Vestfjörðum og landinu öllu og er því mikilvægt að halda þessum rannsóknum áfram.

Sýni voru tekin og munu þau líklega staðfesta aldur rústanna af Skjalfannarbænum sem eru að finna neðan við Skjaldfannargil. Þar sem engin gjóskulög voru að finna við uppgröftinn var ekki hægt að fá nákvæman aldur en út frá gripum og útliti hússins er hægt að segja að bæjarhúsið sé frá 15-16.öld. Formgerðarfræði byggingarinnar er svipuð og rústir sem hafa verið aldursgreindar frá svipuðum tíma líkt og Kúabót í Álftaveri og Forna-Lá.

Líklega er því hér um að ræða síðustu bæjarhúsin á Skjaldfönn sem voru í notkun þegar hin mikla skriða féll um miðja 16. öld. Í Árbók ferðafélags Íslands segir um Skjaldfönn „Töluvert fyrir framan bæinn[Rauðsstaði] eru tóftir gamals eyðibýlis sem hét Skjaldfönn. Upp af því er gil í fjallinu, kallað Skjaldfannargil. Býlið tók af -, er skriða féll úr gilinu: Braut hún bæinn og fórst þar fólk allt.“²⁰

Ekki kemur fram í bókinni hvaðan höfundur hefur þessar heimildir en mögulega er hann að hafa eftir munnmæli. Ljós er að eftir rannsóknir sumarsins að bæjarhúsin sjálf hafa rétt sloppið og er skriðan aðeins steinsvar frá bæjardyrum. Miðað við magn þess efnis sem hefur komið úr gilinu er líklegt að bæjarhúsin hafi nötrað mikið og e.t.v. fallið saman og á fólkið. Annar möguleiki er að fólk hafi verið utandyra og orðið fyrir skriðunni. Hitt er alveg eins víst að engin hafi látist við hamfarirnar. Frekari rannsóknir ættu að leiða í ljós hvað gerðist þennan örlagaríka dag. Rannsóknin er mikilvæg fyrir þá staðreynd að lítið hefur verið rannsakað frá þessum tíma á Vestfjörðum og á landinu öllu. Ekki síður að bæði skógur, fyrirhugðuð skórækt og sífeld koma efnis niður úr gilinu ógna tilvist þessara rústa

²⁰ Kristján G Þorvaldsson. 1951. Bls. 156-7.

og þær munu að öllum líkindum hverfa innan fárra ára. Áframhaldandi rannsókn á þeim er því mjög mikilvæg.

7. Heimildaskrá

- Birna Lárusdóttir 2015. *Mannvist, sýnisbók íslenskra fornleifa*. Opna, Reykjavík
- Diplomatarium islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn*. Fjórða bindi. 1265-1449. 1897. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Diplomatarium islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn*. Níunda bindi. 1262-1536. 1909-1913. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Diplomatarium islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn*. Tíunda bindi. 1169-1542. 1911-1921. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Diplomatarium islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn*. Tólftha bindi. 1200-1554. 1923-1932. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.
- Gísli Gestsson. 1987. „Kúabót“. Í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1986*. Reykjavík. Bls. 11-38.
- Hjörleifur Stefánsson. 2013. *Af jörðu. Íslensk torfhús*. Reykjavík: Crymogeia í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1940. VII. bindi. Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla. Hið íslenzka fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Kjartan Ólafsson. [án árs]. Rauðsstaðir. <https://www.safnis.is/upload/files/9%20%20Raudsstadir.pdf>
- Kjartan Ólafsson. [án árs]. Auðkúluhreppur. <https://www.safnis.is/upload/files/1%20AAA%20Audkuluhreppur%281%29.pdf>
- Kristján Eldjárn. 1951. „Tvennar bæjarrústir frá seinni öldum. Viðauki eftir Sigurð Þórarinsson“. Í *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1949-50*. 50. árg., 102-119. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Kristján G Þorvaldsson. 1951. *Árbók ferðafélags Íslands 1951*. Vestur Ísafjarðasýsla. Ferðafélag Íslands.
- Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 07-08.


